

Tillaga til 490. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 16. febrúar 2022

Tillaga frá 436. fundi fræðslunefndar, sem fram fór 10. febrúar 2022, um að bæjarstjórn samþykki að áfram verði starfandi leikskólastjóri við leikskólann Grænagarð á Flateyri.

3. Erindi frá leik- og grunnskólastjórum á Þingeyri og Flateyri - 2021040074

Kynnt minnisblað sviðsstjóra skóla- og tólmstundasviðs vegna endurskoðunar á stöðu leikskólastjóra við leikskólann Grænagarð á Flateyri. Á 1152. fundi bæjarráð þann 10. maí 2021 var samþykkt að auglýst yrði laus staða leikskólastjóra á leikskólanum Grænagarði á Flateyri, til eins árs, í stað deildarstjóra. Það var gert eftir að ósk kom frá skólastjóra um að endurskoðað yrði það fyrirkomulag að skólastjóri stýri bæði leik- og grunnskóla á Flateyri.

Fræðslunefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkt verði að áfram verði starfandi leikskólastjóri við leikskólann Grænagarð á Flateyri.